

Breytingar á úrslitum og aðferðum

14. Hvað ef atkvæðatölur hefðu verið aðrar?

Eftir kosningar er vinsælt að velta vöngum yfir því hvað hefði gerst ef úrslit hefðu orðið önnur en raunin varð. Gerð skal nokkur grein fyrir slíkum tilraunum, ekki aðeins til að svala forvitni lesenda heldur einnig í þeim tilgangi að varpa ljósi á gæði úthlutunarinnar.

Fyrst er þess að geta hvað þyrfti að breytast á landsvísu hjá hverjum flokki til þess að hann missti eða bætti við sig sæti (sjá 25. töflu). Deila þarf þeirri fjölgun eða fækkun atkvæða á landinu á milli kjördæmislista viðkomandi samtaka. Ekki er einhlítt hvernig það er gert. Hér er fráviki á atkvæðatölum deilt niður á listana í hlutfalli við fylgi þeirra í hverju kjördæmi. Í 25. töflu, allt eins og í 26. og 27. töflu er ennfremur gert ráð fyrir að atkvæði sem bætast við hjá flokkum eða listum komi úr hópi þeirra sem heima sátu í kosningunum, en ekki frá öðrum listum (enda yrði þá að vera með skáldskap um það frá hverjum og í hvaða hlutföllum). Með sama hætti er gert ráð fyrir að atkvæði hverfi alfarið úr sarpi gildra atkvæða þegar prófað er að fækka atkvæðum lista eða flokka. Niðurstöðurnar í þessum töflum verður að meta með þessum fyrirvörum.¹⁵

25. tafla. Lágmarksbreyting á landsfylgi sem færir til sæti milli flokka (atkvæðabreytingum er dreift hlutfallslega milli lista þeirra). Lægstu tölur eru auðkenndar með lit.												
Listabókstafur:	A	B	C	D	E	F	H	P	R	S	T	V
Missir atkvæða sem leiðir til fækkunar sæta.	2.609	391	674	2.762	-	-	-	26	-	1.486	-	2.934
Hver fengi sætið?	V	V	V	V				V		A og V		S
Aukning atkvæða sem leiðir til fjölgunar sæta.	149	2.914	2.070	5.398	2.520	2.921	2.532	3.775	4.373	87	6.534	27
Hvaðan væri sæti tekið?	P	P	D	P	P	C, P og V	B	C	P	P	C, P og V	P

Síðasti jöfnunarmaðurinn í úthlutun þingsæta 2016 fór til Pírata (P), en minnki fylgi þeirra um 27 atkvæði (hvar sem er á landinu) færir þessi jöfnunarmaður til Vinstri grænna (V). Hvorki Framsóknarflokkurinn (B) né heldur Sjálfstæðisflokkurinn (D) fá jöfnunarsæti. Allir þeirra þingmenn eru kjördæmiskjörnir. Raunar fær Sjálfstæðisflokkurinn einu þingsæti fleira en svarar til landsfylgis hans. Atkvæðin 2762 sem hann þarf að missa til að sætum flokksins fækki um eitt er að nokkru leyti ýkt tala. Eins og fyrr segir er atkvæðunum frádregnu dreift yfir landið í hlutfalli við atkvæðatölu í hverju kjördæmi. Tæpasti kjördæmiskjörni maður flokksins er í Norðvesturkjördæmi. Fækki atkvæðunum þar um 404 missir flokkurinn sæti. Það færi þá til Vinstri-grænna. Hjá Framsóknarflokki er sá tæpasti í Reykjavíkurborg kjördæmi suður. Hefði hann fengið 47 atkvæðum minna hefði sæti færst til Vinstri-grænna – ekki þó beinustu leið eins og rakið verður hér á eftir.

Þá var prófað að færa atkvæði til eða frá einstökum framboðslistum. Í 26. töflu er sýnt hvað listi þarf að tapa mörgum atkvæðum til þess að missa sæti. Í efri hluta töflunnar eru atkvæðin tilgreind, en í neðri hlutanum er sagt hvað breytingin snertir marga frambjóðendur. Í töflunni kemur í ljós að Píratar í Reykjavíkurborg kjördæmi norður standa

¹⁵ Athygli skal vakin á því að tölur í öllum töflum þessa undirkafla kunna í einstökum tilvikum að kalla á hlutkesti og kann því að vera álitamál um síðasta tölustafinn í atkvæðatölunum, hvort hann eigi að vera einum hærri eða lægri.

tæpast. Þar næst kemur Framsóknarþingmaðurinn í Reykjavíkurborgardæmi suður eins og fyrir segir. Þá er athyglisvert að fækkun atkvæða hjá Samfylkingunni (S) í Suðvesturkjördæmi hefur áhrif á stöðu átta frambjóðenda; sjá neðri hluta 26. töflu.

<i>26. tafla.</i>		<i>Lágmarksfækkun atkvæða sem leiðir til fækkunar sæta hjá viðkomandi lista.</i>					
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	C	D	P	S	V
Norðvesturkjördæmi	-	451	674	404	26	127	1.795
Norðausturkjördæmi	-	1.517	174	1.473	26	302	1.511
Suðurkjördæmi	-	1.697	255	1.594	26	232	1.022
Suðvesturkjördæmi	1.500	634	674	907	26	1.486	2.934
Reykjavíkurborgardæmi suður	1.233	46	440	1.376	26	1.486	2.934
Reykjavíkurborgardæmi norður	1.463	-	674	1.221	26	1.486	1.397
<i>Fjöldi frambjóðenda sem breytingin snertir.</i>							
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	C	D	P	S	V
Norðvesturkjördæmi	-	2	2	2	2	6	4
Norðausturkjördæmi	-	2	4	2	2	4	6
Suðurkjördæmi	-	4	4	4	2	8	6
Suðvesturkjördæmi	4	2	2	2	2	4	2
Reykjavíkurborgardæmi suður	4	2	4	2	2	4	2
Reykjavíkurborgardæmi norður	4	-	2	2	2	4	4

Í 27. töflu er með sama hætti sýnt hvað gerist þegar atkvæðum er bætt við lista. Hér eru þau samtök sem ekki fengu nein þingsæti látin liggja á milli hluta, enda skorti þau mjög fylgi til að ná sæti.

<i>27. tafla.</i>		<i>Lágmarksaukning atkvæða sem leiðir til fjölgunar sæta hjá viðkomandi lista.</i>					
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	C	D	P	S	V
Norðvesturkjördæmi	669	1.469	54	2.014	1.478	1.174	269
Norðausturkjördæmi	410	906	2.528	1.250	937	614	574
Suðurkjördæmi	417	795	1.777	1.407	509	2.530	1.216
Suðvesturkjördæmi	737	3.158	2.946	3.632	3.599	549	842
Reykjavíkurborgardæmi suður	159	3.347	2.069	1.328	937	266	1.059
Reykjavíkurborgardæmi norður	147	686	447	2.154	4.730	87	28
<i>Fjöldi frambjóðenda sem breytingin snertir.</i>							
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	C	D	P	S	V
Norðvesturkjördæmi	6	2	4	2	4	2	2
Norðausturkjördæmi	4	4	2	4	4	4	4
Suðurkjördæmi	6	6	4	6	6	2	6
Suðvesturkjördæmi	4	2	2	4	2	4	2
Reykjavíkurborgardæmi suður	2	6	2	2	4	8	4
Reykjavíkurborgardæmi norður	2	2	4	2	2	2	2

Áréttað skal að í 26. og 27. töflu er leitað að því lágmarksfylgi sem dugar til að færa til sæti hjá viðkomandi lista. En sæti geta færst til hjá öðrum listum en þeim sem breytingarnar eiga uppruna sinn hjá án þess að það hafi áhrif á sætistölu þessa sama lista.

Allfurðulegt dæmi um þetta má finna í Reykjavíkurborgarkjördæmi suður. Hér að framan hefur verið að Framsóknarflokkurinn (B) þar hefði misst sæti ef atkvæðum hans hefði fækkað um 47. Þá hefði þessi listi flokksins misst kjördæmissæti sem farið hefði til Bjartrar framtíðar (A). Sætum þess flokks hefði þó ekki fjölgað þar sem hann hefði misst jöfnunarsæti í kjördæminu sem hefði farið til Vinstri grænna (V). En allt hið sama hefði gerst ef Björt framtíð hefði bætt við sig 47 atkvæðum í Reykjavíkurborgarkjördæmi suður. Það hefði ekki fjölgað sætum flokksins, en jöfnunarsæti flokksins í kjördæminu hefði breyst í kjördæmissæti, sem kæmi frá Framsóknarflokki um leið og jöfnunarsæti flokksins hefði færst til Vinstri grænna; og það enn í Reykjavíkurborgarkjördæmi suður.